- 1 Þeir tala mikið í símann.
- 2 Þau vaka alla nóttina.
- 3 Þær gista oft á hóteli.
- 4 Við hlæjum að þessu (-æj-→-eg-).
- 5 Við hlustum aldrei á fréttirnar.
- 6 Við dönsuð mikið í veislunni.

## Dialogue 1



## Útivist

*Richard phones up the Íslenskir Fjallaleiðsögumenn, who specialize in outdoors trips, to ask about guided tours into the Icelandic interior. How long does Richard want to go for? What level is he looking for? Does he need to rent a special car?*

RICHARD: Góðan daginn, mig langar að fá upplýsingar um bakpokaferðir inn í óbyggðir sem standa til loka júlí. Ég verð á Íslandi í tvær vikur og hef áhuga á að fara í nokkra daga gönguferð með ykkur ef hægt er.

LEIÐSÖGN: Já, það er hægt. Þá þjóðum við t.d. upp á fjögurra daga ferð frá Núpsstaðarskógu inn í Djúpárdal á Suðausturlandi.

RICHARD: Hvað er ferðin erfið?

LEIÐSÖGN: Hún er miðlungserfið. Þú þarft helst að vera í sæmilega góðu formi og hafa eitthvað stundað gönguferðir.

RICHARD: Það hentar ágætlega. Getur þú sagt mér aðeins meira frá ferðinni, hvenær hún verður, hvar hún byrjar og um hvaða svæði er gengið?

LEIÐSÖGN: Sjálfsgagt. Ferðin byrjar í Skaftafelli. Þaðan er ekið að Núpsá og farið yfir ána á ferjubát, og síðan ekið í Núpsstaðarskóga. Svo er gengið meðfram Núpsárgljúfrum og tjaldað við Smalavað. Næsta dag er gengið að Grænalóni og þaðan vestur Beinadal. Á þriðja degi er gengið að Djúpá. Fjórða daginn göngum við til suðurs meðfram giljum og fossum niður í Djúpárdal og skoðum Djúparfoss og Fossabrekku áður en komið er í byggð. Ferðin endar með grillveislu í Skaftafelli.

RICHARD: Mér líst mjög vel á þetta. Nú verð ég í Reykjavík eftir ég kem til landsins. Hvað er langt að keyra í Skaftafell?

LEIÐSÖGN: Það eru um það bil 400 kílómetrar eftir þjóðveginum.

RICHARD: Er vegurinn fær venjulegum bílum eða ætti ég helst að leigja fjórhjóladrifinnbíl?

LEIÐSÖGN: Nei nei, það er allt í lagi að koma á venjulegum bíl.

RICHARD: Hvaða útbúnað á ég að taka með í ferðina?

LEIÐSÖGN: Ég skal taka niður heimilisfangið þitt og setja útbúnaðarlista í póst til þín.

### Vocabulary notes

<b>óbyggð (-ar, -ir)</b>	wilderness, uninhabited area, vs. <b>byggð</b> , inhabited/cultivated area
<b>standa (stand—staðið) til</b>	happen, be in the works/planned
<b>miðlungs-</b>	average
<b>stunda (stunda, stundað), acc.</b>	pursue, practise
<b>gil (-s, -)</b>	ravine
<b>grillveisla</b>	from <b>grill</b> (-s, -), barbecue, and <b>veisl/a</b> (-u, -ur), party
<b>þjóðveg/ur (-ar, -ir)</b>	main road
<b>fjórhjóladrifin/n, adj.</b>	four-wheel drive

### Exercise 3

Richard has received his equipment list and is packing for his wilderness trip, but is getting rather flustered. He has collected everything listed on the left. From the list on the right what should he remember to take as well?

<i>Pakkað niður í bakpokann</i>	<i>Hvað fleira?</i>
léttur og fyrirferðarlítill svefnpoki bækur?	
prímus og pottur	póstkort?
hitabrúsi	vatnsbrúsi?
drykkjarílát	hjól?
plástur	gönguskór?
hreinlætisvörur	skíði?
áttaviti	ullarpeysa?
legghlífar til að vaða yfir á	útvarp?
strigaskór til að vaða í	vasahnífur?
ullarnærföt og tvennir ullarsokkar klósettpappír?	
bómullarskyrta	vettlingar og húfa?
göngubuxur	rúm?
vasaljós	diskur?
regngallar	blóm?
nesti: þurrkaður matur	sundföt?
smávegis varamatur	sími?

### Vocabulary notes

<b>fyrirferðarlítill/l, adj.</b>	compact	<b>hreinlætisvörur</b> , toiletries
<b>brúsi (-a, -ar)</b>	flask	<i>f.pl.</i>
<b>ílát (-s, -)</b>	container	<b>áttavit/i (-a, -ar)</b> compass

**plástur (-s, -), m.** plaster, band-aid **legghlíf (-ar, -ar)** legging

## Dialogue 2



### Exercise 4

You too would like to experience a hiking trip through the Icelandic interior and decide to ring the Tourist Information Centre for more information. Can you fill in the gaps in the following dialogue?

UFR: Upplýsingamiðstöð ferðamála í Reykjavík, góðan dag.

You: (1 *Hello, I am planning to travel to Iceland in August and I would like to get information about trips into the wilderness.*)

UFR: Ertu að hugsa um gönguferð, hestaferð, skíðaferð...

You: (2 *A hiking trip*)

UFR: Og hvað ætlarðu að vera lengi?

You: (3 *Several days*)

UFR: Ertu tilbúinn til að tjalda eða ætlarðu að gista í skála?

You: (4 *I'm quite ready to camp.*)

UFR: Ertu reyndur göngumaður?

You: (5 *I'm an average hiker.*)

UFR: Ég skal gefa þér símanúmerið hjá Útivist. Þeir bjóða upp á spennandi gönguferðir sem eru mjög vinsælar. Leiðsögumennirnir eru allir reyndir fjallamenn.

You: (6 *Lovely, thank you very much*)

### Exercise 5

This is a description the wilderness tour guide gives you over the phone concerning a trip you are interested in. Change it into the impersonal passive, as it would appear in a tourist brochure.

**Dæmi: Við keyrum út á flugvöll→Það er keyrt út á flugvöll.**

Við fljúgum frá Reykjavík til Ísafjarðar, og siglum þaðan í Hestfjörð. Svo göngum við frá Hesteyri yfir í Aðalvík, og endum í Hornvík og gistum þar í sæluskála. Næsta daginn tökum við Fagranesið til baka til Ísafjarðar.

### Exercise 6

Below are listed some of the rules of conduct for campers in Iceland. Read them and see if you can do the following:

- |  |        |
|--|--------|
| 1 Drive up, put up your gear and go to sleep.                  | yes/no |
| 2 Go for a drive in the midnight sun around the area.          | yes/no |
| 3 Have a cup of tea before you go to sleep.                    | yes/no |
| 4 Go for a walk at 6 in the morning.                           | yes/no |
| 5 Gather up your rubbish and leave it in a bag near your tent. | yes/no |

### ***Umgenisreglur á tjaldsvæðum***

- a Gestir skulu tilkynna komu sína hjá umsóknarmanni og greiða dvalargjöld  
 b Umferð bíla á tjaldsvæðum er ekki leyfð frá kl. 23 til kl. 07  
 c Víndrykkjum er bannað á tjaldsvæðum  
 d Sorp skal láta í þar til gerð flát  
 e Ekki skal kveikja eld nema með leyfi umsjónarmanns

## **Language points**

### ***Pro-forms***

Pro-forms are short words that take the place of nominals or parts of sentences to avoid repetition. The most familiar examples are pronouns, which replace nouns. **Það** is the most common pro-form in Icelandic. Apart from its role as a neuter singular pronoun and its function as dummy subject in passive constructions explained above, **það** is used as follows:

1 It replaces part of a sentence:

**‘Hann segir að hann ætli í gönguferð á morgun.’ ‘Segir hann það virkilega?’**

‘He says *that he is going on a hiking trip tomorrow.*’ ‘Does he really say *that?*’

2 Initially, it often stands in for a subject that follows later on in the sentence (English ‘there’s’):

<b>Það er mús í baðkerinu</b>	There’s a mouse in the bath tub
<b>Það gerist eitthvað</b>	There’s something fun happening
<b>skemtilegt í kvöld</b>	tonight

3 It serves as a dummy subject in sentences without agency (most commonly weather descriptions):

<b>Það rignir mikið í dag</b>	It’s raining a lot today
<b>Það verður hlýtt um helgina</b>	It’s going to be warm at the weekend

Note that in all cases where **það** serves as a surrogate subject (passive, and 2 and 3 above), it is dropped whenever the word order is changed so that another part of speech fills the subject slot:

**Oft er hlustað á utvarpið—Í baðkerinu er mús—Rignir mikið í dag?**

## Reading 2

### *Landshlutar*

*What is Snæfellsnes most famous for? Why do few people live in the West Fjords? What is special about Egilsstaðir? Why does most agriculture take place in the south? Why are there hardly any fishing towns there?*

Landshlutarnir eru Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Austfirðir, Suðausturland, og Suðurland. Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes kallast Suðvesturhornið. Á Vesturlandi eru tveir stórir flóar, Faxaflói og Breiðafjörður, og gengur langt nes út milli þeirra sem heitir Snæfellsnes. Þar er einn af frægustu og fegurstu jökklum heims: Snæfellsjökull. Jules Verne skrifaði um Snæfellsjökul í bókinni sinni frægu, *Leynardómi Snæfellsjökuls*. Vestfirðir eru strjálbýlir, vegna þess að samgöngur eru oft erfiðar og jarðvegur rýr, en þar eru margir góðir varpstaðir. Svæðið er fjöllótt og landslagið stórbrotið. Aðalkaupstaðurinn er Ísafjörður. Á Norðurlandi er stærsti bær utan höfuðborgarsvæðisins, Akureyri, og einn þekktasti staðurinn á landinu, Mývatn. Landslagið þar var mótað af eldgosum, og er jarðhiti virkjaður við fjallið Kröflu. Á Austfjörðum eru há fjöll og þröngir firðir, svipað og á Vestfjörðum. Á Austurlandi er stærsti skógur á Íslandi, Hallormsstaðaskógur, sem er 2000 hektarar að stærð. Egilsstaðir eru einn fárra kaupstaða sem liggja ekki að sjó. Suðurlandið er mesta landbúnaðarsvæði á Íslandi, enda er þar mikið undirlendi og jarðhiti víða. Þar eru líka margir ferðamannastaðir, s.s. (svo sem) Skaftafell, Þórsmörk, Jökulsárlón og Hvannadalshnúkur, sem er hæsta fjall landsins (2119 m). Ströndin er að mestu hafnlaus, enda mjög hættuleg skipum, og hafa mörg farist þar.

\* Adapted from Jón Gíslason and Sigríður Þorvaldsdóttir, *Landsteinar* (Reykjavík 1995)

### Vocabulary notes

<b>fagur</b> , <i>adj. superl.</i>	beautiful	<b>varpstað/ur</b>	breeding ground,
<b>fegurst/ur</b>		<b>(-ar, -ir)</b>	nesting place
<b>Leynardómur</b>	<i>Journey to the</i>		for birds
<b>Snæfellsjökuls</b>	<i>Centre of the</i>	<b>móta (móta,</b>	form, mould
	<i>Earth</i>	<b>mótað), acc.</b>	
<b>strjálýll</b> , <i>adj.</i>	sparsely	<b>þröng/ur</b> , <i>adj.</i>	narrow
	populated	<b>skóg/ur</b> <b>(-ar, -ar)</b>	forest
<b>jarðveg/ur</b> <b>(-s)</b> , <i>m.</i>	soil	<b>undirlendi</b> <b>(-s)</b> , <i>n.</i>	lowland
<b>rýr</b> , <i>adj.</i>	sparse, scanty	<b>hafnlaus</b> , <i>adj.</i>	harbourless



## Language points

### Vindáttir (*wind directions*)

The four wind directions in Icelandic are: **norður— austur—suður—vestur**. Their form and usage depends very much on their position and function in the sentence.

#### 1 Adverbs

- motion towards: **norður— austur—suður—vestur**
- motion from: (að) **norðan—(að) austan—(að) sunnan—(að) vestan**
- rest: **fyrir norðan—fyrir austan—fyrir sunnan—fyrir vestan**

Comparative: **norðar/nyrst— austar/austast—syðra/syðst—vestar/ vestast**

#### 2 Nouns *norður— austur—suður—vestur*

Only used in connection with the directions themselves, however:

**Roðinn í austri**

the red in the East

but

**Hann býr á Norðurlandi/fyrir norðan**

He lives in the North

#### 3 Prepositional phrases followed by an object

**fyrir norðan/norðan fyrir/norðan við** (*acc.*)—(to the) north of...

- motion: **norður eftir** (*acc.*)—northwards (along, of)

#### 4 Prepositional phrases without an object

- rest: **norður frá** (*dat.*)—(up) north

### *Veðrið*

Climate generates its own vocabulary. In Icelandic this is clear from the preponderance of vocabulary referring to the many different kinds of winds and precipitation. A complete list could easily take up several chapters, but the following should allow you to understand enough of the weather forecast to know whether to go camping or not, or take that trip into the interior.

**Vindur** 'wind'

**vindstig**, *n.* wind force

**éljagang/ur**, intermittent snow/hail storms

**snjó/r, snjóa (það snjóar)**, snow

<b>norðanátt/norðlæg átt</b> , northerly wind	<b>þok/a</b> , mist
<b>logn</b> , <i>n.</i> windstill	<b>Hítastig</b> 'temperature'
<b>gol/a</b> , breeze	<b>það er gott veður þegar það er:</b>
<b>hvass</b> , <i>adj.</i> <b>hvassviðri</b> , <i>n.</i> windy (weather)	<b>hlytt</b> , warm
<b>strekking/ur</b> , strong wind	<b>heitt</b> , hot
<b>stinningsgol/a</b> , wind force 4	<b>(veður)blíð/a</b> , mild
<b>kald/i</b> , wind force 5	<b>það er tuttugu og þriggja stiga hiti</b> it's twenty-three degrees
<b>stinningskald/i</b> , force 6	<b>Kuld/i</b> 'cold'
<b>storm/ur</b> , storm 9	<b>það er kalt veður þegar það er:</b>
<b>rok</b> , <i>n.</i> storm, gale 10	<b>frost</b> , frost
<b>Himinninn</b> 'the sky'	<b>ískalt</b> , icy cold
<b>það þykknar upp</b> , it's clouding over	<b>(stór)hríð</b> , <i>f.</i> snow storm
<b>sólskin</b> , <i>n.</i> sunshine	<b>Veðurhorfur</b> , <b>veðurspá</b> 'forecast'
<b>heiðskír</b> , <i>adj.</i> bright	<b>útlit</b> , <i>n.</i> outlook
<b>það er skýjað</b> , it's cloudy	<b>veðurstof/a</b> , weather office
<b>alskýjað</b> , clouded over	<b>það er þriggja stiga frost</b> it's minus three
<b>léttskýjað</b> , slightly cloudy	<i>Miscellaneous</i>
<b>skýjað með köflum</b> , occasional clouds	<b>óveður/illviðri</b> , very bad weather
<b>það léttir til</b> , it's clearing up	<b>veðurteppt/ur</b> , <i>adj.</i> , be delayed due to the weather
<b>Úrkoma</b> 'precipitation'	
<b>rigning</b> , <b>rigna</b> ( <b>það rignir</b> ), rain	
<b>súld</b> , <i>f.</i> drizzle	
<b>skúr</b> , <i>f.</i> shower	
<b>slydd/a</b> , sleet	
<b>él</b> , <i>n.</i> sudden fall of snow or hail	

## Exercise 7



Listen to the forecast and fill in the temperatures expected for each region on the map below:



Now listen again and see if you can answer the following questions:

- 1 Where would you definitely not want to go on a hiking trip today or tomorrow?
- 2 Where will it be coldest tonight?
- 3 Where would be the best place to go for outdoor activities on Wednesday and Thursday?
- 4 What is the main expected wind direction?
- 5 What kind of clothing would you wear?
- 6 Where in the country is it expected to be the coolest, and where the warmest?

*Exercise 8*



Listen closely to the speaker and indicate on the map above where-abouts the following places are:

- |                 |                  |
|-----------------|------------------|
| 1 Húsavík       | 3 Sauðárkrókur   |
| 2 Siglufjörður  | 4 Bolungarvík    |
| 5 Stykkishólmur | 7 Vík (í Mýrdal) |
| 6 Þórlákshöfn   | 8 Djúpivogur     |

**Language points**

*Impersonal passive 2: middle voice*

In Lesson 12 you were introduced to the middle voice as a way to express reciprocity and reflexivity. The middle voice can also be used in a passive sense, in a way that often translates into English as ‘can/could be...’:

<b>Húsið sést ekki</b>	The house cannot be seen
<b>Stóllinn kemst ekki</b>	The chair cannot get through
<b>Pennar týnast sífelld hér</b>	Pens keep getting lost here and
<b>og finnast ekki aftur</b>	aren't found again

The middle voice is mostly used to express the passive where there is no real agency at all. This can be illustrated with the following examples:

**Dótið okkar er geymt í skáp**

Our stuff is kept in a cupboard (someone keeps it there but who is unimportant)

but **Mjólkin geymist í kælikáp**

Milk keeps in the fridge (no agency: no one ‘keeps’ it)

*Exercise 9*

Put the verbs in brackets in the appropriate middle voice form into the following passive sentences:

- 1 Hún \_\_\_\_\_ við gönguna (hressa).
- 2 Tölvan mín \_\_\_\_\_ oft; hún er að \_\_\_\_\_ (bila, elda).
- 3 Buxurnar \_\_\_\_\_ í þvotti (stytta).
- 4 Ferskt grænmeti \_\_\_\_\_ ekki vel í þessum hita; þú verður að geyma það í kæli, annars \_\_\_\_\_ það (geyma, skemma).

## 14

# Saga og þjóð

## Story, history and people

### In this lesson you will learn:

- some Icelandic history and culture: sagas and folk tales
- the simple and continuous past
- writing letters, reporting events: recent past
- expressing possibility and ability: **geta, kunna, þekkja, vita, vera hægt**

### Reading 1

#### *Sálin hans Jóns míns (þjóðsaga)*

*Why won't Jón's soul get into heaven? How does the woman answer St Peter and the Virgin Mary? How does she manage to get the soul into heaven after all?*

Einu sinni bjuggu saman karl og kerling. Var karlinn heldur erfiður og óvinsæll og þar að auki latur og ónýtur á heimili sínu. Líkaði kerlingu hans það mjög illa og ámælti hún honum oft. En þótt þeim kæmi ekki vel saman í sumu elskaði þó kerling karl sinn mikið.

Eitt sinn varð karlinn veikur og var þungt haldinn. Kerling vakti yfir honum, en þegar honum batnaði ekki fór hún að hugsa að hann væri ekki svo vel búinn undir dauða sinn, og vafamál hvort hann náði inngöngu í himnaríki. Hún tók þá poka og hélt honum fyrir munn á karlinum, og er hann gaf upp öndina fór hún í pokann, en kerling batt fyrir. Síðan fór hún til himna með pokann, kom að dyrum himnaríkis og drap á dyr. Þá kom Sankti Pétur út og spurði erindi hennar. Sæll nú, segir kerling, ég kom hingað með sálina hans Jóns míns, og ætla ég nú að biðja þig að koma honum hérna inn. Jájá, segir Pétur, en því miður get ég það ekki; ég hef aldrei heyrt neitt gott um hann Jón þinn. Þá mælti kerling: Það hélt ég ekki Sankti Pétur að þú værir svona harðbrjósta. Ertu nú búinn að gleyma hvernig fór fyrir þér forðum þegar þú afneitaðir meistara þínum? Pétur fór svo aftur inn og læsti, en kerling varð úti fyrir.

Eftir litla stund drepur hún aftur á dyr og þá kemur María mey út. Sæl vertu heillin góð, segir kerling, ég vona að þú hleypir honum Jóni mínum inn. Því miður góða mín, segir María, ég þori það ekki af því hann var svo vondur hann Jón þinn. En veistu það ekki, segir kerling, að aðrir geta verið veikir eins og þú, eða manstu það nú ekki að þú áttir barn utan hjónabands? María vildi ekki heyra meira heldur læsti skjótast.

Í þriðja sinn barði kerling á dynar. Þá kom út Kristur sjálfur. Kerling mælti auðmjúk: Ég ætlaði að biðja þig að lofa vesalings sálinni hérna inn. Kristur svaraði: Það er hann Jón—nei kona, hann trúði ekki á mig. En í sama bili og hann lokaði hurðinni aftur kastaði

hún pokanum með sálinni í inn hjá honum. Létti Þá steini af hjarta kerlingar að Jón var kominn í himnaríki og fór hún glöð heim aftur.

Adapted from Jón Árnason's *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*

### Vocabulary notes

<b>mæla</b> (mæli—mælt)	say, speak <b>ámæla</b> ( <b>ámæli</b> — <b>ámælt</b> ), <i>dat.</i> reproach, scold
<b>koma saman.</b> <i>imp.</i>	get along
<b>þungt haldin/n</b>	in a very bad way, seriously ill
<b>gefa upp öndina</b>	give up the ghost, die
<b>batt</b> , <i>past sg. of binda, fyrir</i>	bind shut
<b>drepa</b> ( <b>drep</b> — <b>drap</b> — <b>drápu</b> — <b>drepið</b> ) <b>á dyr</b>	knock on the door
<b>forðum</b> , <i>adv.</i>	before, long ago
<b>afneita</b> ( <b>afneita</b> , <b>afneitaði</b> , <b>afneitað</b> ), <i>dat.</i>	deny
<b>læsa</b> ( <b>læsi</b> , <b>læsti</b> , <b>læst</b> ), <i>acc.</i>	lock (the door)
<b>verða úti fyrir</b>	be left outside
<b>heillin góð/góðin mín</b>	my dear (to a woman)
<b>hlaupa</b> ( <b>hleyp</b> , <b>hljóp</b> , <b>hlupu</b> , <b>hlaupið</b> ) <b>inn.</b> <i>dat.</i>	let someone in
<b>berja</b> ( <b>ber</b> — <b>barði</b> — <b>barið</b> )	hit, knock
<b>létta</b> ( <b>létti</b> — <b>létt</b> ) <b>steini</b>	be greatly relieved, heavy weight is lifted

### Language points

#### *Relating what happened: the past tense*

The story in Reading 1 is told largely in the past tense. Go back to the text for a moment and see if you can pick out the verbs. Do you detect any patterns at all?

The main distinction in how the past tense is formed is between weak and strong verbs. Weak verbs form the past tense with a **-d**, **-t**, or **-ð** (depending on the preceding sound, as with the imperative suffix) followed by a singular (**-i**, **-ir**, **-i**) or plural ending (**-um**, **-uð**, **-u**). The **-a-** group keeps its final **-a** so it is always followed by **-ð**, whereas verbs from the **-ur-** group are subject to the following stem vowel changes: **e>a**, **y>u** (**ý>ú**). Here are some examples:

	<i>ætl-a</i>	<i>læs-a</i>	<i>flyt-ja</i>	<i>ber-ja</i>
ég	ætla-ð	læs-ti	flut-ti	bar-ði
þú	ætla-ðir	læs-tir	flut-tir	bar-ðir
hún	ætla-ði	læs-ti	flut-ti	bar-ði
við	ætla-ðum	læs-tum	flut-tum	bör-ðum
þið	ætla-ðuð	læs-tuð	flut-tuð	bör-ðuð
þær	ætla-ðu	læs-tu	flut-tu	bör-ðu

Have you noticed the U-shift at work?

The past tense of strong verbs is a little trickier. The endings are the easy part: only the second person singular has an ending, **-st** (any preceding **-t-** in the stem will be dropped), and the plural endings are the same as for weak verbs. Strong verbs form their past tense mainly through a stem vowel change, one in the singular and a different one in the plural. It is possible to chart the patterns of these vowel changes, although there are significant exceptions to these patterns. Strong verbs in the glossary list are followed by the first person singular and third person plural in the past tense, and you will be surprised how quickly you will pick up the past tense forms of common verbs. The following chart of infinitive stem vowels and their first person singular and plural past forms should help as well. The past participle stem vowel is given in the final column:

<i>Stem vowel</i>	<i>1<sup>st</sup> p.sg. 1<sup>st</sup> p.pl.</i>		<i>PP vowel</i>
-í-	-ei-	-i-	-i- bíða—beið—biðum—biðið
-jól/jú/ú-	-au-	-u-	-o- fljúga—flug—flugum—flogið
<b>-e-</b>	-a-	-u-	-u- drekka—drakk—drukkum—drukkið
	-a-	-á-	-e- gefa—gaf—gáfum—gefið
<b>-i-</b>	-a-	-u-	-u- finna—fann—fundum—fundið
	-a-	-á-	-e- sitja—sat—sátum—setið
-a-	-ó-	-ó-	-a- fara—fór—fórum—farið
1 <b>-a-</b>	-é-	<b>-é-</b>	-a- falla—féll—féllum—fallið
2 <b>-á-</b>			-á- láta—lét—létum—látið
3 <b>-ei-</b>			-ei- heita—hét—hétum—heitið
-au-	-jó-	-u-	-au hlaupa—hljóp—hlupum—hlaupið

### Athugið

1 Individual anomalies may occur in each of these patterns, such as **finna**, which has a **-d-** in the plural and past participle, and **binda** which has **batt** as its singular form. The following concern very common verbs:

**búa—bjó—bjuggum—búið**  
**standa—stóð—stóðum—staðið**  
**ganga—gekk—gengum—gengið**  
**fá—fékk—fengum—fengið**  
**deyja—dó—dóum—dáið**

2 Verbs with initial **v-** lose that **v-** before the **-u-** in the plural and past participle:

**vinna—vann—unnum—unnið**

3 Two common verbs with **-o-** as stem vowel:

**koma—kom—komum—komið**  
**sofa—svaf—sváfum—sofið**

Some examples:

*grípa bjóða lesa láta*  
 ég greip bauð las lét  
 þú greipst bauðst last lést  
 hann greip bauð las lét  
 við gripum buðum lásum létum  
 þið gripuð buðuð lásuð létuð  
 þeir gripu buðu lásu létu

### Exercise 1

List all verbs in Reading 1 that are in the past tense (only once). Are they weak or strong? What would be their past plural (or singular) forms?

### Exercise 2

Can you give the singular and plural past tense forms of the following verbs? You may have to check if they are weak or strong. You can also use the glossary list to help you, but try first to derive the forms on your own): **borða, gleyma, gera, velja, njóta, verða, taka, leika, spyrja, gráta, nota, sjóða.**

### Exercise 3

Now we go back to some Icelandic history. In Lesson 3, Exercise 7 you matched a number of Icelandic historical facts with their correct dates. The events were phrased in the present tense (with the exception of the verb **vera** which was left out altogether: **Biblían (er) prentuð á íslensku**). Can you change the sentences to the past tense, putting in the appropriate forms of **vera** where left out?

### Exercise 4: Halldór Laxness

Below is a brief text about the life of Halldór Laxness, Iceland's most famous modern author. Can you put the verbs in brackets in their appropriate past tense form?

Halldór Kiljan Laxness \_\_\_\_\_ (fæðast) þegar 20. öldin \_\_\_\_\_ (vera) tveggja ára gömul, og \_\_\_\_\_ (deyja) þegar hún \_\_\_\_\_ (eiga) aðeins tvö ár eftir. Hann \_\_\_\_\_ (vera) skírður Halldór Guðmundsson og \_\_\_\_\_ (búa) á bóndabæ í Mosfellssveit sem \_\_\_\_\_ (heita) Laxnes. Hann \_\_\_\_\_ (skrifa) fyrstu skáldsögu sína, *Barn náttúrunnar*, og \_\_\_\_\_ (fara) til Kaupmannahafnar þegar hann \_\_\_\_\_ (vera) sautján ára. Hann \_\_\_\_\_ (ferðast) um Evrópu, \_\_\_\_\_ (dvelja) m.a. í Þýskalandi, og \_\_\_\_\_ (taka) kaþólska trú og írsku nafnið Kiljan og \_\_\_\_\_ (ganga) í klaustur í Lúxemborg árið 1922. Hann \_\_\_\_\_ (koma) heim til Íslands árið 1924, og þremur árum seinna \_\_\_\_\_ (koma) út önnur skáldsaga eftir hann, *Vefarinn mikli frá Kasmír*, sem hann \_\_\_\_\_ (semja) árið 1925. Þetta verk \_\_\_\_\_ (vera) ein af fyrstu módernísku skáldsögum á íslensku og \_\_\_\_\_ (vekja) mikla



athygli. Halldór \_\_\_\_\_ (gefa) upp kaþólska trú og prestanám og \_\_\_\_\_ (verða) sósíalísti þegar hann \_\_\_\_\_ (vera) í Norður Ameríku árin 1927–9. Eftir það \_\_\_\_\_ (byrja) hann að skrifa í alvöru og \_\_\_\_\_ (skrifa) hverja skáldsöguna eftir aðra, þ.á.m. *Sjálfstætt fólk*, *Sölku Völku*, *Íslandsklukkuna*, *Atómstöðina*, *Gerplu* og *Kristnihald undir jökli*, og \_\_\_\_\_ (vera) margar þeirra þýddar og gerðar að kvikmyndum. Hann \_\_\_\_\_ (semja) líka greinar, leikrit, smásögur og ljóð. Halldór Laxness \_\_\_\_\_ (fá) Nóbelsverðlaunin árið 1955.

### Exercise 5

In the text on Laxness you saw how you can use the past tense to talk about somebody's (past) life. Write sentences describing your life until now, using some of these words:

**fæðast—búa—alast upp** (= 'grow up', *strong verb*)—**fara í skóla/stunda nám—vinna—keyra bíl—flytja—giftast—fara til útlanda—fara til Íslands—læra íslensku...**

There is a sample answer at the back of the book. How does Jónína's life differ from yours?

### *The use of the past tense: simple and continuous past, recent past*

The tense you have just learned to form is known as the simple past. Not surprisingly, it is used to indicate an action or event that is completely finished and in the past. In cases where something happened in the past while something else was happening at that very moment in time (past continuous), you use the past tense of the verb **vera** followed by **að** and the infinitive of the main verb:

**Ég var að horfa á sjónvarpið þegar hann kom inn**

*I was watching television when he came in*

**Við vorum að tala saman þegar hann hringdi**

*We were talking when he rang*

In sentences where an action or event is still linked to the present moment because it is so close in time and/or because its effects are still with us, Icelandic uses the construction **vera búin/n að** followed by the infinitive of the main verb. Note that **búin/n** has to reflect the gender and number of the subject:

**Barnið er búið að borða**

*The child has finished eating/has eaten*

**Hún er búin að sjá myndina**

*She has seen the film*

**Krakkarnir eru búnir að gera við hjólið**

*The children have mended the bike*

This construction can only be used in conjunction with situational verbs (**liggja, sitja**, etc.), or verbs denoting a quick and sudden action (**detta, vakna**), if there is an indication in the sentence of how long or how often it has happened:

\***Amma er búin að sofa** but **Amma er búin að sofa í allan dag**  
Granny has been sleeping all day

\***Hann er búinn að detta** but **Hann er margoft búinn að detta af stólum**  
He has often fallen off his chair

The construction **vera búíð að** is very common in the impersonal passive, especially in journalistic writing. Here are some examples:

**Það er búíð að tala við kennarann/Búíð er að tala við kennarann**  
There have been talks with the teacher

**Það er búíð að segja frá slysinu í blöðunum/Búíð er að segja frá slysinu í blöðunum**

There has been an account of the accident in the newspapers

### *Exercise 6: Bílslys*

There has been a serious car accident in a busy Reykjavík street. The police are interviewing eyewitnesses to find out exactly what happened. They want to know where everyone was and what they were doing when the accident happened. Can you write out the following police notes in complete sentences, using the continuous past where appropriate?

- 1 Örlygur Jónsson: -horfði í búðarglugga—heyrði brak -leit (!) um öxl—slysið búíð að gerast
- 2 María Jóhannsdóttir -gekk niður götuna—sá bílinn keyra inn í búðarglugga
- 3 Pétur Briem -beið eftir umferðarljósi—bíllinn keyrði framhjá  
-horfði á eftir honum—bíllinn sveigði til vinstri og skall á búðina
- 4 Fanney Freysdóttir -talaði við kunningja hjá búðinni—sá bíllinn koma að sér  
-horfði á bílstjóran—höfuðið datt niður á stýrið

## Reading 2

### *Bréf*

*Several weeks after Joyce has returned home from her Icelandic holiday, she writes her friend Áslaug the following letter. What happened during Joyce's absence? What did she have to do? What did she miss in Iceland?*

Manchester, 4. Apríl 2000

Elsku Áslaug:

Fyrirgefðu hvað það hefur dregist hjá mér að skrifa þér, en ég er búin að vera svo önnum kafin. Þegar ég kom heim frá Íslandi kom í ljós að það var búíð að brjótast inn í húsið! Innbrotsmennirnir tóku tölvuna mína, geislaspilarann, sjónvarpið og myndbandstæki. Sem betur fer skildi ég enga peninga eftir í húsinu. En það var mikið

vesen í kringum þetta allt saman. Snemma næsta dag varð ég að fara á lögreglustöð til að gefa skýrslu, hafa samband við tryggingarfélagið o.s.frv.

En annars er allt gott að fréttá hédan. Það er brjáláð að gera hjá mér eins og alltaf en ég er ánægð í vinnunni. Foreldrum mínum gengur líka vel, og þau biðja kærlega að heilsa þér.

Hvernig gengur svo hjá þér? Ertu búin að venjast nýju íbúðinni? Hvernig var í veislunni hans Kjartans, var ekki bara gaman? Mér þótti leitt að þurfa að missa af henni.

Ég þakka aftur innilega fyrir mig. Mikið var gott að sjá þig aftur! Hafðu það sem best, og skilaðu mínum bestu kveðjum heim til þín! Kær kveðja, Joyce.

### Vocabulary notes

<b>hvað það hefur dregist hjá mér</b>	how long it has taken me
<b>dragast</b>	be delayed
<b>vera önnum kafin/n</b>	be very busy
<b>koma í ljós</b>	appear
<b>brjótast inn</b>	break in, burgle
<b>innbrotsmenn</b>	burglars
<b>sem betur fer</b>	fortunately
<b>skilja (skil, skildi, skilað) eftir, acc.</b>	leave behind
<b>tryggingarfélag (-s, -)</b>	insurance company
<b>missa (missi—missti—misst) af, dat.</b>	miss
<b>innilega, adv.</b>	affectionately
<b>hafðu það sem best</b>	all the best, be well

### Exercise 7

Imagine you have just returned from a holiday in Iceland. Below are notes from your diary covering the last week of your stay there. Write a letter to your friend in Iceland in which you tell him or her what you did during those final days.

5 July: took a coach to Þingvellir (!). Did some sightseeing and walked around. Very beautiful place! Went to a concert in Hallgrímskirkja in the evening.	Beautiful warm weather. Walked around the island and saw many kinds of birds.
6–7 July: Went on a two-day guided tour around the area of Njal's saga ( <i>söguslóðir Njál's sögu</i> ) in Fljótshlíð. Saw the exhibition about Njal's saga in ( <i>á!</i> ) Hvolsvöllur. Fantastic!	9 July: went for a swim and went shopping in the town centre. Bought many gifts and souvenirs ( <i>minjagrip/ur, -s, -ir</i> ). Had dinner with Sif and Kjartan at Café Sólon Íslandus.
8 July: Went on a boat trip to Viðey and had a look at the church and the oldest house in the country.	10 July: packed. Had a sandwich at the Nordic House and saw an Icelandic film there. Took the bus to Keflavík and said goodbye to Iceland.

## Language points

### *Expressing ability, knowledge and possibility*

The verb **geta** in Icelandic means ‘can’, ‘be able to’. It is a strong verb, and it is also unusual in that it must always be followed by the past participle of the main verb:

<b>Ég get ekki gengið á þessum skóm</b>	I can’t walk in these shoes
<b>Við gátum ekkert að því gert</b>	We couldn’t do anything about it
<b>Það getur ekki verið!</b>	That can’t be! That’s not possible!

Do you remember another way of saying ‘it’s not possible’? Of course: **Það er ekki hægt**.

Not all kinds of ability are covered by **geta**. The verb **kunna** is used to express any ability that is learned, i.e. you can because you have learned how to. When followed by a nominal, **kunna** governs the accusative. When followed by a verb, the verb is preceded by **að**:

<b>Soffía kann ítölsku</b>	Soffia can (=knows how to) speak Italian
<b>Þeir kunna ekki að synda</b>	They can’t (=haven’t learned to) swim

The verbs **þekkja**, **vita** and **kannast við** all mean ‘know’, but they refer to different kinds of knowledge. **Þekkja** (**þekki**—**þekkti**—**þekkt**) means to know something or someone because of experience or previous exposure: **Hann þekkir Ítalíu vel. Hann fer þangað á hverju sumri** ‘He knows Italy well. He goes there every summer’.

**Kannast við** is similar to **þekkja** but weaker. It refers more to recognition than to actual knowledge:

**Kannastu við þetta orð? Já ég hef séð það en ég veit ekki hvað það þýðir**

Do you recognize this word? Yes I have seen it but I don’t know what it means

**Kannast** is the middle voice form of **kanna** ‘investigate’, ‘explore’ and is a regular weak **-a** verb.

The verb **vita** refers to factual knowledge. It governs the accusative case when followed by a nominal. It can also be followed by a subordinate clause, in which case it is followed by **að** or by an interrogative such as **hvort**, **hvar**, **hvað**, **hvornig**:

**Ég veit ekki hver hann er, hvar hann býr og hvaðan hann kemur**  
I do not know *who* he is, *where* he lives or *where* he comes from  
**Þau vita ekki að hún ætlar til útlanda**  
They do not know *that* she intends to go abroad

Note that **vita** must be followed by something—it cannot be left on its own as happens in English ‘I know’: **Ég veit það**.

**Kunna** and **vita** are rather irregular verbs. These are their present and past tense conjugations:

	<b>kunna</b>		<b>vita</b>	
	<i>present</i>	<i>past</i>	<i>present</i>	<i>past</i>
ég	kann	kunni	veit	vissi
þú	kannt	kunnir	veist	vissir
hann	kann	kunni	veit	vissi
við	kunnum	kunnum	vitum	vissum
þið	kunnið	kunnuð	vitið	vissuð
þeir	kunna	kunnu	vita	vissu

### Exercise 8

Here's a little test of your knowledge of Iceland. Can you answer the following questions? (In complete Icelandic sentences, of course!)

- 1 Þekkir þú Ísland vel?
- 2 Þekkir þú Ólaf Ragnar Grímsson?
- 3 Kanntu (að tala) íslensku?
- 4 Kannastu við *Njáls sögu*?
- 5 Er hægt að fara kringum Ísland með lest?
- 6 Veistu hvenær Háskóli Íslands var stofnaður?
- 7 Veistu hvað Ísland er stórt (í ferkílómetrum)?
- 8 Veistu hvar Fljótshlíð er?
- 9 Veistu hver samdi *Njáls sögu*?

### Reading 3

#### *Úr Brennu Njáls sögu*

*The Icelandic sagas are classics of medieval European literature. Among the most renowned are the Íslendingasögur, vivid and dramatic stories about Icelanders set during the age of settlement. The sagas are characterized by a terse, laconic, realistic narrative style that is unique among its European contemporaries. The following is a fragment*

from *The Saga of Burnt Njall*, written around the thirteenth century. Gunnar, farmer and main hero of the saga, has been exiled at the Althing but has chosen not to leave his country, thereby forfeiting his life. A group of men arrives at his farm, led by Gissur hvíti, to seek justice by killing him. How did Þorgrímur find out Gunnar was at home? How many men has Gunnar killed? What does he need Hallgerður's hair for? Does he get it?

Gunnar svaf í lofti einu í skálanum og Hallgerður og móðir hans. En er þeir komu að bænum vissu þeir eigi hvort Gunnar mundi heima vera. Gissur mælti að nokkur skyldi fara heim á húsín og vita hvað af kannaði en þeir settust niður á völlinn meðan. Þorgrímur austmaður gekk upp á skálann. Gunnar sér að rauðan kyrtíl ber við glugginum og leggur út með atgeirinum á hann miðjan. Þorgrími skruppu fæturnir og varð laus skjöldurinn og hrataði hann ofan af þekjunni. Gengur hann síðan að þeim Gissuri þar er þeir sátu á vellinum. Gissur leit við honum og mælti: 'Hvort er Gunnar heima?'

'Vitið þér það en hitt vissi eg að atgeir hans var heima.' segir Austmaðurinn.

Féll hann þá niður dauður. Þeir sóttu þá heim að húsunum.

*Gunnar is married to the proud and temperamental Hallgerður, who has never forgiven her husband for slapping her face in public.*

Í þessu bili hleypur upp á þekjuna Þorbrandur Þorleiksson og höggur í sundur bogastrenginn Gunnars. Gunnar þrífur atgeirinn báðum höndum og snýst að honum skjótt og rekur í gegnum hann atgeirinn og kastar honum dauðum á völlinn. Þá hljóp upp Ásbrandur bróðir hans. Gunnar leggur til hans atgeirinum og kom hann skildi fyrir sig. Atgeirinn renndi í gegnum skjöldinn og svo meðal handleggjanna. Snaraði Gunnar þá svo fast atgeirinn að skjöldurinn klofnaði en brotnuðu báðir handleggirnir og féll hann út af veggnum. Áður hafði Gunnar særða átta menn en vegið þá tvo. Þá fékk Gunnar sár tvö og sögðu það allir menn að hann brygði sér hvorki við sár né við bana. Hann mælti til Hallgerðar:

'Fá mér leppa tvo úr hári þínu og snúið þið móðir mín saman til bogastrengs mér.'

'Liggur þér nokkuð við?' segir hún.

'Líf mitt liggur við,' segir hann, 'því að þeir munu mig aldrei fá sóttan meðan eg kem boganum við.'

'Þá skal eg nú,' segir hún, 'muna þér kinnhestinn og hirði eg aldrei hvort þú verð þig lengur eða skemur.'

'Hefir hver til síns ágætis nokkuð,' segir Gunnar, 'og skal þig þessa eigi lengi biðja.'

Rannveig mælti: 'Illa fer þér og mun þín skömm lengi uppi.'

### Vocabulary notes

<b>eigi=ekki</b>		<b>höggva (högg/</b>	cut, hew, chop
<b>vita hvað af</b>	find out,	<b>hegg, hjó,</b>	
<b>kannaði</b>	investigate	<b>hjuggu, hoggjó),</b>	
<b>kyrtíl/ (-s, -ar)</b>	tunic, gown	<i>acc.</i>	
<b>atgeir (-s, -ar), m.</b>	halberd	<b>bogastreng/ur (-s, -ir)</b>	bow string
<b>hrata (hrata,</b>	stumble, topple	<b>þrifa (þríf, þreif,</b>	grab, clean
<b>hrataði, hratað)</b>		<b>þrufum, þrifið),</b>	
<b>þekj/a (-u, -ur)</b>	roof	<i>acc.</i>	
<b>vitið þér</b>	find out (for	<b>snara (snara—</b>	snare
<b>=kannið þið</b>	yourselves)	<b>snarað), acc.</b>	

**vega** (veg, vó, vógu, vegið), *acc.*

**brygði**, *past subj. of bregða (bregð, brá, brugðu, brugðið)*

**sér við**, *acc.*

**ban/i** (-a)

**lepp/ur** (-s, -ar)

**liggur þér nokkuð við?**

**þeir munu mig aldrei fá sóttan**

**kinnhest/ur** (-s, -ar)

**hirða (hirði, hirti, hirt) um**, *acc.*

**verja** (ver, varði, varið) sig

**lengur eða skemur**

**hafa til síns ágætis**

**fara e-m illa**

**mun skömm þín lengi uppi**

slay

react to, flinch at

death

piece, lock

does anything depend upon it for you?

they will never get me

slap in the face

care about

defend oneself, hold out

for a longer or a shorter time

have to one's distinction

it is unbecoming, it doesn't become one

your shame will be long-lived

# 15

## Höfuð, herðar, hné og tær

### Head and shoulders, knees and toes

**In this lesson you will learn about:**

- the human body
- health
- more impersonal constructions: how are you feeling?
- visiting a doctor: aches, pains and afflictions
- present perfect: what has happened before, what happened a long time ago
- demonstrative pronouns: **þessi, sá, hinn**

#### Dialogue 1



#### *Hvernig hefurðu það?*

*What is the matter with Áki? Has he been to the doctor's? What does Hrafn tell him to do?*

HRAFN: Góðan og blessaðan daginn Áki minn, hvernig hefurðu það?

ÁKI: Ekki svo gott.

HRAFN: Nú, hvað er að? Ertu lasinn?

ÁKI: Ég er kominn með kvef, held ég. Ég er með hálsbólgu, ég er stíflaður í nefinu, og mér er ferlega illt í höfðinu. Mér líður alveg ömurlega.

HRAFN: Ertu með hita?

ÁKI: Ég veit það ekki, það getur vel verið. Ég er eitthvað svo slappur og of þreyttur til að gera nokkuð.

HRAFN: Þú ættir að kúra undir sæng frekar en að labba um hérna í kuldanum! Kannski er það alls ekki bara kvef heldur flensa. Það er einhver hræðileg pest að ganga. Ertu búinn að fara til læknis?

ÁKI: Nei, en ég fékk mér hóstasíróp og töflur til að draga úr sárindum í hálsi.

HRAFN: Komdu þér heim maður, skrifdu í rúmið og láttu þér batna!

ÁKI: Já, kannski er best ég geri það.



## Vocabulary notes

<b>kvef</b> (-s), <i>n.</i>	cold	<b>flens/a</b> (-u)	flu
<b>hálsból/g/a</b> (-u)	sore throat	<b>það er pest að</b>	there's a bug
<b>stíflað/ur</b>	congested, <i>pp. of</i>	<b>ganga</b>	going around
		<b>stífl/a</b> plug (up)	from <b>hóst/i</b>
<b>mér er illt í</b>	my head hurts, I	<b>hóstasíróp</b>	'cough', <i>and</i>
<b>höfðinu</b>	have a	<b>síróp</b> (-s)	'syrup'
	headache		
<b>ömurlega</b> , <i>adv.</i>	miserably	<b>tafl/a</b> (-u, -ur)	tablet, pill
<b>hit/i</b> (-a)	temperature, fever	<b>draga úr</b> , <i>dat.</i>	take away,
<b>slapp/ur</b> , <i>adj.</i>	weak, without		withdraw
	energy	<b>sárindi</b> , <i>n.pl.</i>	pain, hurt

## Vocabulary

*Líkaminn: the body*

In the course of the previous lessons you have already encountered a number of words to do with the human body. You may remember **auga**, **eyra**, **hár**... Here are some other useful ones. Of how many can you guess the meaning, using the context of the words to help you?

1 **tvö eyru, tvö augu tvær varir, ein tunga og margar tennur í einum munni eitt nef, Höfuðið: ein haka** Karlmenn eru með *skegg* þegar þeir eru með hár á hökinni og/eða efri vor

**Hálsinn tengir höfuðið við herðar og bol**

2 **Bolurinn: tveir handleggir: tvær hendur og tíu fingur**  
tveir fætur: tvö hné, tveir ökklar, tíu tær

**Að framan: eitt eða tvö brjóst**  
einn magi

**Að aftan: eitt bak**  
einn rass

**Líkaminn er þakinn húð og sums staðar hári. Það rennur blóð í gegnum hann allan.**

Could you derive the gender and nominative singular form of each of these new nouns, looking at their form and that of their qualifiers in the sentence?

## Language points

*Body parts: how to use them in Icelandic*

Some Icelandic body parts are notoriously irregular in their declension patterns. **Auga**, **eyra**, **hjarta** and **lunga** ('lung') are weak neuter nouns which all have **-a** as a singular

ending in each of the four cases, and **-u, -u, -um, -na** in the plural. The irregular ones you should know are:

	<i>Masculine</i>		<i>Feminine</i>	
	<i>fótur</i>	<i>finger</i>	<i>hönd</i>	<i>tönn</i> <i>tá</i>
<i>sg. nom.</i>	fót-ur	finger	hönd-	tönn-   tá-
<i>acc.</i>	fót-	finger	hönd-	tönn-   tá-
<i>gen.</i>	fæt-i	finger-i	hend-i	tönn-   tá-
<i>dat.</i>	fót-ar	finger-s	hand-ar	tann-ar   tá-ar
<i>pl. nom.</i>	fæt-ur	finger-	hend-ur	tenn-ur   tæ-r
<i>acc.</i>	fæt-ur	finger-	hend-ur	tenn-ur   tæ-r
<i>gen.</i>	fót-um	finger -um	hönd-um	tönn-um   tá-m
<i>dat.</i>	fót-a	finger -a	hand-a	tann-a   tá-a

It is worth noting that in Icelandic, one does not ‘own’ the parts of one’s body, that is to say, they are never used in combination with the possessive verb **eiga**, and only rarely with a possessive pronoun. Instead, you use the prepositional phrase **vera með+acc.** (**ég er með ljóst krullað hár** ‘I have blond curly hair’), or the definite article (**mér er kalt á fótunum** ‘My feet are cold’, *lit.* ‘I am cold on the feet’). If there is a specific need to indicate whose body the part belongs to, it is common to have it followed by the preposition **í** or **á** (depending on where the part is located) and the owner in the dative case:

### **Hárið á honum er skítugt**

His hair is dirty

### **Kerlingin hélt poka fyrir munni á karlinum**

The old woman held a bag before the old man’s mouth

### *Exercise 1: Mannlýsingar*



One of the shops in the shopping centre Kringlan has had some of its merchandise stolen. An eyewitness who thinks she saw the shoplifter close up as he ran out gives the police the following description:

Þetta var hávaxinn maður, með sítt rautt hár. Það var slétt og bundið í tagl. Augun í honum voru græn, og hann var með stóran munn og mikið skegg. Hann var með eyrnalokk í vinstra eyranu og marga gullhringa á fingrunum. Hann var með ansi stóran maga, já, feitur myndi ég segja. Fæturnir á honum voru frekar stórir. Hann var í bol og stuttbuxum, og stuttbuxum, það var stórt ör\* á hægri hnéinu.

\*ör (-s, -), *n.* scar

The policeman taking down the description is new to the job and a little flustered. He writes down the following statements. Are they correct?

- 1 Hárið á manningum var stutt já/nei  
 2 Hann var með græn augu já/nei  
 3 Maðurinn var með skartgrip í já/nei  
 4 Hann var skeggjaður já/nei  
 5 Hann var grannur ('slim') já/nei  
 6 Það var vetur já/nei

*Exercise 2*

How would you describe the following people in Icelandic?

- 1 Elvis Presley      5 Arnold Schwarzenegger  
 2 Mick Jagger      6 Marilyn Monroe  
 3 Diana Ross      7 Fidel Castro  
 4 Queen Elizabeth II 8 Yourself

**Dialogue 2**



*Hjá lækni*

*Áki spends a few days at home but isn't getting any better, so her decides to take Hrafn's advice and see his doctor. Does Áki often see a doctor? What does the doctor say is the matter with him? What must Áki do to get better?*

LÆKNIR: Góðan daginn Áki, gjörðu svo vel. Það er langt síðan ég hef séð þig! Hvað gengur að þér, þú ert ekki vel frískur?

ÁKI: Nei, mér líður alls ekki vel.

LÆKNIR: Geturðu lýst einkennunum fyrir mig?

ÁKI: Ég hef verið með hálsbólgu í nokkra daga, nefgöngin eru alveg stífluð og ég er síhóstandi og alveg máttlaus. Svo hefur þessi voðalegi höfuðverkur lagst á mig.

LÆKNIR: Færðu oft höfuðverk?

ÁKI: Nei, það gerist sjaldan, sem betur fer.

LÆKNIR: Það lítur út fyrir að vera slæmt kvef. Ertu búinn að mæla þig?

ÁKI: Já, ég var með 40 stiga hita í morgun.

LÆKNIR: Nú, hvað! Er sárt þegar þú hóstar?

ÁKI: Já, það er það.

LÆKNIR: Viltu gjöra svo vel að fara úr skyrturni og leyfa mér að hlusta og líta í hálsinn á þér. Jæja Áki, þú beiðst ein um of lengi að koma til mín, og nú ertu kominn með lungnabólgu. Þú skalt fara heim strax og halda þig í rúminu þangað til ég kem og skoða þig aftur eftir nokkra daga. En ef þér versnar, láttu senda eftir mér strax! Gefðu konunni þinni þennan lyfseðil til að ná í lyf handa þér. Af stað með þig, Áki, og farðu nú vel með þig og taktu þér hvíld!

ÁKI: Þakka þér fyrir, ég skal gera það.

### Vocabulary notes

<b>hvað gengur</b>	what's the	<b>leggjast (leggst)</b>	strike, attack
<b>að þér?</b>	matter?	<b>-lagðist-</b>	
<b>einkenni (-s, -)</b>	characteristics,	<b>lagst) á, acc.</b>	
	symptoms	<b>mæla (mæli—</b>	measure, take
<b>máttlaus. adj.</b>	feeble, weak,	<b>mælt), acc.</b>	temperature
	without energy	<b>lagnabólga (-u)</b>	pneumonia
<b>versna (versna—</b>	get worse	<b>lyf (-s, -)</b>	medicine
<b>versnað), imp.</b>		<b>af stað með þig!</b>	off you go!
<b>lyfseðil/l (-s, -ar)</b>	prescription	<b>fara vel með sig</b>	look after oneself

### Vocabulary

Veikindi, meðferðir og lækningar; *illnesses, treatments and cures*

You have now learned some of the more common afflictions. Here are some other ones that are useful to know:

<b>matareitrun (-ar), f.</b>	food poisoning
<b>sykursýki, f. indecl.</b>	diabetes
<b>taugaáfall (-s), n.</b>	shock, nervous breakdown
<b>útbrot (-s, -), n.</b>	rash, outbreak

The following suffixes are commonly used for aches and pains:

**pín/a (-u), f.**, as in **tannpína** ‘toothache’

**verk/ur (-jar, -ir), m.**, as in **höfuðverkur** ‘headache’ and **túrverkir** ‘menstrual pains’

**kramp/i (-a, -ar), m.**, as in **vöðvakrampi** ‘muscle cramp’

What do I tell the doctor? Some useful verbal expressions:

<b>ég finn til í, dat. ég finn til í maganum</b>	my stomach hurts
<b>ég er með verk í, dat. ég er með verk í bakinu</b>	my back hurts
<b>það er sárt</b>	it hurts
<b>ég er með, acc. ég er með niðurgang</b>	I have diarrhoea
<b>kasta (kasta—kastað) upp</b>	be sick, vomit
<b>meiða (meiddi, meitt), acc.</b>	injure, hurt
<b>meiða sig</b>	hurt oneself

Finally, some common adjectives:

**slapp/ur—hress**

**lasin/n—frísk/ur**

**veik/ur—heilbrigð/ur**

**marin/n**, bruised

**bólgin/n**, inflamed, swollen

**vera-brotin/n**, have a broken..., as in

**Ég er fót/ökkla/handleggsbrotinn** I have a broken leg/ankle/arm

Now, what can be done about it?

<b>fara í (læknis)skoðun</b>	go for a check-up
<b>fara í meðferð (við...)</b>	get treatment (for...)
<b>fara í uppskurð/vera skorinn up</b>	have an operation
<b>láta sprauta sig</b>	get an injection

### Language points

#### *More impersonal constructions*

Impersonal constructions are often used when describing a physical state. The following in particular are quite common:

<b>mér er óglatt</b>	I feel nauseous, sick
<b>mér líður vel/illa</b>	I am feeling well/unwell
<b>mér er illt í..., dat.</b>	I'm ill to my...
<b>mér batnar</b>	I am getting better
<b>mér versnar</b>	I am getting worse
<b>mig verkjar í..., acc.</b>	I have a pain in my...

Did you notice how in Dialogue 1 Hrafn told Áki: **láttu þér batna!** 'get better soon!?' Because impersonal constructions have no real subject and therefore no agent, the imperative is formed with the help of the verb **láta: láttu þér líða vel!**

#### *Exercise 3*

The following tourists are in the **biðstofa** or waiting room of the **heilsugæslustöð**, the local health centre where one goes to see a doctor. None of these people speak Icelandic, so you offer to translate. Can you tell the doctor in Icelandic what is wrong with each of them?

- 1 Nilgün: feels nauseous, is sick directly after having eaten and has diarrhoea. It could be food poisoning.
- 2 Umberto: fell during a hiking trip and his ankle hurts. It is bruised and swollen and he is afraid it is broken.
- 3 Merja: backache and stomach cramps. Can hardly walk or eat.
